



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

2020-2024



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Framkvæmd við mótun nýrrar sóknaráætlunar fyrir Suðurland á árinu 2019

Ný Sóknaráætlun Suðurlands

Nú er fyrsta tímabili Sóknaráætlunar Suðurlands að ljúka, 2015 til 2019. Verkefnið hefur þróast mikið á tímabilinu, bæði hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem og hjá ríki. Það má segja að tilraunaverkefninu um sóknaráætlanir landshluta sé hér með að ljúka og við taki nýtt tímabil þar sem við mörkum okkur stefnu til framtíðar og byggjum á reynslu fyrra tímabils.

Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 hefur skilað 68 verkefnum fyrir um 240 mkr. sem snerta byggðamál og byggðaðpróun í landshlutanum frá upphafi. Jafnframt hefur verið úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands, fyrir um 70 til 90 mkr. árlega í tveimur úthlutunum á ári. Á heimasíðu sass.is má sjá öll verkefni sóknaráætlunar 2015-2019 auk upplýsinga um úthlutanir Uppbyggingarsjóðs. Auk þessa hefur stefnumörkun Sóknaráætlunar Suðurlands haft áhrif á störf SASS á sviði byggðaðpróunar, s.s. í áherslum Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, ráðgjöf á vegum SASS og öðrum verkefnum. Þannig hefur stefnan haft áhrif á störf SASS ásamt ákvörðunum um einstök verkefni.

Með nýjum lögum frá 2015 og Byggðaaætlun 2018 til 2024, hafa jafnframt verið stigin ákveðin skref í þróun stefnumörkunar sem fylgt er nú eftir með fjármögnuðum aðgerðum. Meðan Byggðaaætlun tekur til landsins alls og fjölbreyttari málefna sviða

er sóknaráætlun landshluta einskorðuð við sérstöðu hvers svæðis, með sértækum verkefnum og afmarkaðari áætlun hvað varðar málefna svið.


Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um Sóknaráætlun Suðurlands og ferlið við mótnun nýrrar sóknaráætlunar. Það er markmið okkar að þátttaka verði góð á fund samráðsvettvangs, á íbúafundi og samstarf verið náð við sveitarfélögin og nefndir þeirra sem tengjast þeim málefna sviðum stefnunar munu ná til.

Með von um gott samstarf.



Þórður Freyr Sigurðsson

sviðsstjóri þróunarsviðs SASS
Verkefnisstjóri Sóknaráætlunar Suðurlands
thordur@sass.is



Hvað er Sóknaráætlun Suðurlands?

Sóknaráætlun Suðurlands er sértæk byggðaaætlun fyrir Suðurland og jafnframt samheiti yfir samning SASS við hið opinbera um fjármögnun aðgerða og Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Sóknaráætlun Suðurlands byggir á lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta nr. 69/2015.

Hvaða málefni eru tekin fyrir í sóknaráætlun Suðurlands?

Málefnasviðin eru að hluta til bundin í samning við ríkið en eftirfarandi málefnasvið og stefnur hefur landshlutinn ákveðið að vinna að sérstaklega:

- Umhverfis- og auðlindstefna Suðurlands
- Atvinnu- og nýsköpunarstefna Suðurlands
- Menningarstefna Suðurlands

Hver er aðkoma sveitarfélaga að sóknaráætlun Suðurlands?

Sveitarfélögin á Suðurlandi tilnefna öll fulltrúa á samráðsvettvang sóknaráætlunar þar sem ákvarðað er um megin áherslur sóknaráætlunar til næstu ára. Samráðsvettvangurinn er stefnumarkandi og mótur meðal annars framtíðarsýn fyrir landshlutann, gildi og megin áherslur. Stjórn SASS skipar síðan verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands sem fer fyrir framkvæmd verkefnisins. Stjórn SASS fjallar einnig um áhersluverkefni og Ársþing SASS

fjallar um málefnasvið og samþykkir stefnuna til næstu ára. Íbúafundir verða eftir atvikum haldnir í samráði eða samstarfi við nefndir sveitarfélaganna. Sveitarfélögin og nefndir á þeirra vegum munu jafnframt fá drög að Sóknaráætlun Suðurlands og undirstefnum til umsagnar.

Hver er aðkoma íbúa að sóknaráætlun Suðurlands?

Aðkoma íbúa byggir á þátttöku þeirra í einhverjum tilvikum sem fulltrúar á samráðsvettvangi og með þátttöku á íbúafundum um einstök málefnasvið við mótun á einstökum stefnum. Íbúar munu einnig hafa kost á að senda inn athugasemdir eða ábendingar um drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024. Einnig mun öllum gefast kostur á að senda inn tillögur að áhersluverkefnum þegar opnað verður fyrir innsendar tillögur. Til þessa hefur verið kallað eftir innsendum tillögum að aðgerðum sem sumar hverjar hafa orðið að fjármögnuðum aðgerðum.

Hvað eru áhersluverkefni?

Áhersluverkefni eru verkefni á vegum sóknaráætlunar, sem ákveðið er að hrinda í framkvæmd til að uppfylla markmið landshlutans á tilteknu málefnasviði í Sóknaráætlun Suðurlands.

Skoða má verkefnin á vef SASS
www.sass.is/ahersluverkefni



Hver velur áhersluverkefni sóknaráætlunar Suðurlands?

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands ákvarðar um aðgerðir eða áhersluverkefni. Verkefnin þurfa að falla að og uppfylla stefnur landshlutans eins og þær koma fram í Sóknaráætlun Suðurlands. Stjórn SASS og stýrhópur stjórnarráðsins um byggðamál þurfa einnig að staðfesta verkefnin.

Hverjir framkvæma áhersluverkefnin?

Áhersluverkefni eru öll á ábyrgð SASS. Í flestum tilvikum koma ráðgjafar og verkefnastjórar á vegum SASS að mótun og eftirfylgd áhersluverkefna, sem verkefnastjórar eða með samningum eða í samstarfi við aðra aðila. Allt eftir þekkingu ráðgjafa og verkefnastjóra á vegum SASS og eðli verkefnanna hverju sinni.

Hvað eru miklir fjármunir til verkefna í sóknaráætlun Suðurlands?

Heildarupphæðin ræðst af fjárlögum hvers árs. Umfang Sóknaráætlunar Suðurlands hefur verið um 130 mkr. árlega. Fjárframlögin koma að mestu frá ríki en árlegt mótframlag frá sveitarfélögunum á Suðurlandi er um 14 mkr. Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 hefur skilað 68 verkefnum fyrir um 240 mkr. sem snerta byggðamál og byggðapróun í landshlutanum frá upphafi. Jafnframt hefur verið úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands, fyrir um 70 til 90 mkr. árlega í tveimur úthlutunum á ári.


Er hægt að sækja um fjármagn til verkefna í gegnum sóknaráætlun Suðurlands?

Það er ekki talað um að sækja um fjármagn til tiltekinna verkefna í gegnum sóknaráætlun. Hins vegar geta allir sent inn tillögur að áhersluverkefnum. Það er síðan verkefnastjórnar að meta og ákvarða hvort unnið verði að tilteknu verkefni og hvort það verkefni falli að áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar Suðurlands. Uppbyggingarsjóður Suðurlands tekur hins vegar á móti umsóknum um verkefnastyrki í tveimur flokkum, á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og á sviði menningarmála.

Hvað ná sóknaráætlanir yfir langt tímabil?

Næsta tímabil verður fyrir árin 2020 til 2024 og mun Sóknaráætlun Suðurlands þá ná yfir sama tímabil og Byggðaaætlun, enda skulu þær áætlanir vinna saman og byggja nú á sömu lögum. Landshlutasamtökum er frjálst að endurskoða áætlunina óháð því tímabili og sérhvert áhersluverkefni getur náð til eins eða fleiri ára innan þess tímabils.

***Sóknaráætlun Suðurlands
2015-2019 hefur skilað
68 verkefnum fyrir um
240 mkr. sem snerta
byggðamál og byggðapróun í
landshlutanum frá upphafi.***



Ferli við mótun Sóknaráætlunar Suðurlands til næstu 5 ára

ÍBÚAFUNDIR - UM ATVINNU- OG MENNINGARMÁL

Fyrsta skrefið í mótun nýrrar sóknaráætlunar muna eiga sér stað með samtali við íbúa. Sjö íbúafundir verða haldnir um sérhvert málefnasvið vítt og breitt um landshlutann. Þegar hafa verið haldnir sjö íbúafundir um umhverfis- og auðlindamál á síðasta ári. Íbúafundir um atvinnumál og nýsköpun og menningarmál verða haldnir í apríl. Lögð er áhersla á góða þátttöku á fundina og verða þeir auglýstir sérstaklega. Um opna fundi verður að ræða en aðilar í nefndum sveitarfélaga á sviði atvinnu- og menningarmála verða boðaðir sérstaklega. Einnig er lagt upp með samstarfi við nefndir sveitarfélaganna um skipulag og framkvæmd fundanna.

Markmið fundanna er að draga saman megin áherslur landshlutans í sérhverju málefni fyrir sig. Ásamt því að koma fram með tillögur að sértækum markmiðum og aðgerðum. Afurðir fundanna verða dregnar saman sem uppistaðan í efnistökm við mótun nýrrar sóknaráætlunar. Afurð sérhvers fundar verður einnig dregin saman og gerð aðgengileg sveitarfélögunum og nefndum þeirra á hverju svæði fyrir sig. Þær afurðir kunna að nýtast sérhverju sveitarfélagi til stefnumörkunar.

Hvar og hvenær?

apríl – um allan landshlutann – fundirnir verða auglýstir sérstaklega

Fyrir hverja?

Allir velkomnir – opnir fundir

Afurð?

Megin áherslur og tillögur að markmiðum og aðgerðum í atvinnumálum, nýsköpun, umhverfis- og auðlindamálum og menningarmálum á Suðurlandi. Þegar liggja fyrir afurðir íbúafund um umhverfis- og auðlindamál sem má sjá nánar á vefslóðinni www.sass.is/umhverfisogaudlindastefna

FUNDUR SAMRÁÐSVETTvangs

Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands verður haldinn 23. maí nk. Þar verður unnið með niðurstöður íbúafunda og aðrar áherslur sem fulltrúar vilja leggja áherslu á við mótun nýrrar sóknaráætlunar. Sveitarfélögin á Suðurlandi tilnefna fjóra fulltrúa hvert til þátttöu á fundinum. Að auki taka þátt í fundinum Ungmennaráð Suðurlands, stjórn SASS, verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands ásamt ráðgjöfum á vegum SASS. Um er að ræða stefnumótunarfund þar sem mörkuð verður stefna landshlutans til ársins 2024. Afurð fundarins er ætlað að vera megin áherslur, gildi og framtíðarsýn fyrir landshlutann til ársins 2024. Ásamt því geta komið fram áherslur eða tillögur að aðgerðum á einstökum málefnasviðum.

Hvar og hvenær?

23. maí á Hótel Selfossi kl. 13:00

Fyrir hverja?

Fulltrúar tilnefndir af sveitarfélögunum á Suðurlandi, stjórn SASS, verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands, ungmennaráð Suðurlands og ráðgjafar og verkefnastjórar á vegum SASS

Afurð?

Megin áherslur Sóknaráætlunar Suðurlands, gildi og framtíðarsýn til ársins 2024

Vinnuhópar verða í framhaldinu skipaðir af verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands sem munu starfa með ráðgjöfum og verkefnastjórum á vegum SASS. Þar sem unnið verður að samræmingu markmiða og aðgerða, m.t.t. opinberrar stefnumörkunar, Byggðaáætlunar og eftir atvikum alþjóðlegum samþykktum og stefnum einstakra sveitarfélaga. Samhliða verður rýnt í stöðu viðkomandi málefnasviða og eftir atvikum unnar greiningar eða kannanir.

Hvar og hvenær?

Júní 2019

Fyrir hverja?

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands ásamt vinnuhópum

Afurð?

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 ásamt undirstefnum

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands verður kynnt opinberlega og öllum gert mögulegt að senda inn athugasemdir eða ábendingar. Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá ákveðnum hagaðilum, s.s. sveitarfélögum á Suðurlandi (ásamt nefndum sveitarfélaga), Byggðastofnun, stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og Atorku – félagi atvinnurekenda á Suðurlandi.

Hvar og hvenær?

Júlí og ágúst

Fyrir hverja?

Allir munu geta sent inn umsagnir en sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá ákveðum hagaðilum

Afurð?

Umsagnir við drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 og undirstefnum

Að loknu samráðsferli mun verkefnastjórn móta endanleg drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024, ásamt tengdum stefnum á ofangreindum málefnasviðum, til stjórnar SASS og til endanlegrar samþykktar á ársþingi SASS 24. og 25. október 2019.

Hvar og hvenær?

September og október 2019

Fyrir hverja?

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands, stjórn SASS og ársþing SASS

Afurð?

Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 ásamt undirstefnum

Ferli fyrir sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA